



8. stjórnarfundur LH
17. mars 2021 kl. 15.00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson formaður, Stefán Logi Haraldsson, Hákon Hákonarson, Gréta V. Guðmundsdóttir og Sóley Margeirsdóttir úr aðalstjórn. Aníta Aradóttir, Lilja Björk Reynisdóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Fjarverandi: Siguroddur Pétursson og Eggert Hjartarson úr aðalstjórn og Ingimar Baldvinsson og Einar Gíslason úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

1. Samþykkt fundargerða 6. og 7. fundar
2. Bréf til mótanefnda Skeiðleika 2 og Metamóts 2020 – til bókunar
Í ljósi dómsúrskurðar dómstóls ÍSÍ óskar stjórn LH eftir því að mótsstjórnir Skeiðleika 2 og Metamóts 2020 meti hvort endurskoða skuli mótsskýrslur með tilliti til atvika sem áttu sér stað á mótunum.
Afgreiðsla: Bréf voru send, dags. 4. mars s.l., þessa efnis.
3. Beiðni um afturköllun bréfs til mótsstjórnar Skeiðleika 2 - Erindi frá Sigurði Örnólfssyni og Fredricu Fagerlund
SÖ og FF fara fram á að stjórn LH afturkalli bréf sem sent var á mótsstjórn Skeiðleika 2 ásamt fréttatilkynningu þess efnis.
Afgreiðsla: Málið er komið í ferli, stjórn hafnar því að afturkalla erindi sitt og mun ekki aðhafast frekar í málinu.
4. Reglugerð um gæðingafimi - Erindi frá Erni Karlssyni
Örn Karlsson lýsir yfir óánægju með að hafa ekki fengið að hafa hönd á bagga við þróun á gæðingafimireglum LH.
Afgreiðsla: Skv. samþykktum landsþings 2018 var stofnaður faghópur um gæðingafimireglur LH sem skilaði reglum fyrir landsþing 2020. Landsþing 2020 samþykkti að reglurnar yrðu teknar upp til reynslu fram að næsta landsþingi og á þeim tíma yrðu reglurnar þróaðar og endurbættar eins og þurfa þykir. Erni Karlssyni er, eins og öllum öðrum, velkomið að senda nefndinni tillögur sínar að endurbótum á reglunum.
5. Samningur við Færeyinga um notkun SportFengs – til bókunar
Kynntur var samningur um notkun Sportfengs í Færejum, sem hefur verið undirritaður af LH, RML og FÍR.
6. LM ehf. – Aðalfundur og ársreikningur
Aðalfundur LM ehf. var haldinn 4. mars sl. Reikningar voru lagðir fram og kosið í stjórn. Nýja stjórn LM ehf. skipa: Stefán Logi Haraldsson formaður, Hákon Hákonarson gjaldkeri, fulltrúar LH



og Sveinn Steinarsson fulltrúi Félags hrossabænda, varamenn eru Guðni Halldórsson og Eysteinn Leifsson. Lárus Finnbogason var kjörinn endurskoðandi LM. Fyrir liggur að endurmeta þarf eignir LM ehf.

LM hefur endurnýjað tilnefningu Gunnars Eiríkssonar sem fulltrúa LM í verkefnastjórn Landsmóts 2022.

7. Skógarhólar ehf.

Aðalfundur Skógarhóla ehf. var haldinn 4. mars sl. Stjórn félagsins skipa Stefán Logi Haraldsson formaður og Hákon Hákonarson, gjaldkeri. Meta þarf hvort reka eigi gistingu á Skógarhólum í eignarhaldsfélaginu.

Afgreiðsla: Gjaldkera falið að leita álits hjá endurskoðanda LH um hvernig best sé að haga rekstri Skógarhóla, með tilliti til þess starfs sem þar fer fram.

Aníta Aradóttir vísar af fundi.

8. Staða nefnda

a. Átakshópur um útbreiðslu og nýliðun

Gréta greindi frá fundi hópsins 16. mars. Ákveðið að byrja á að birta örsögur um hestamenn í þeim tilgangi að styrkja almenna umfjöllun um hestamenn á samfélagsmiðlum. Á vefsíðu LH verða teknar saman upplýsingar um hvert þeir geta leitað sem hafa áhuga á að byrja í hestamennsku.

b. Mótanefnd

Ómar Ingi Ómarsson skipaður formaður og Sóley Margeirsdóttir skipuð varaformaður. Nefndin verður kölluð saman á fyrsta fund í næstu viku.

c. Reiðvega- og samgöngunefnd

Hákon greindi frá störfum Reiðvega- og samgöngunefndar. Umsóknir um reiðvegafé eru komnar frá 32 félögum. Tillaga liggur fyrir um skiptingu fjármuna á milli svæða. Nefndin hittist á föstudag í næstu viku og gengur frá skiptingu milli landshluta.

d. Ferða- og öryggisnefnd

Claudia Schenk er fulltrúi LH í faghóp um umferðarmál. Samstarfsverkefni Samgöngustofu og LH, um teiknað umferðaröryggismyndband, er á því stigi að handrit er tilbúið og verið er að hefja teikningar.

e. Laganefnd

Laganefnd er að þýða og fara yfir breytingar frá FEIF þingi. Birta þarf uppfærð lög fyrir 1. apríl n.k.

f. Tölvunefnd

Sóley greindi frá stöðu mála. Tölvunefnd fundar seinna í vikunni. Skriður er að komast á verkefni sem liggja þar fyrir.

g. Landsliðsnefnd



Stefán greindi frá störfum landsliðsnefndar. Landsliðsdagur 14. mars gekk vel, góð mæting í mælingar og góð stemmning. Mette Mannseth hélt fyrirlestur fyrir hópinn. Verið er að vinna í að semja við nýja og gamla samstarfsaðila um fjárhagslega styrki.

h. Mannvirkjanefnd

Ómar greindi frá verkefnum nefndarinnar. Verkefnin framundan eru að votta reiðhallir sem eru löglegar til keppni, keppnisvelli og aðstæður til kappreiða.

i. Æskulýðsnefnd

Lilja greindi frá störfum æskulýðsnefndar. Youth Camp hefur verið frestað vegna Covid. Til stendur að ná til æskulýðsfulltrúa í félögum í landinu með fjarfundum, halda umræðufundi í smærri hópum upp úr miðjum apríl þar sem rætt verður hvað brennur á æskulýðsfulltrúum og hvernig væri hægt að aðstoða minni félög með námskeið og slíkt.

9. Önnur mál

- a. Spurningakönnun FT og LH um námskeiðahald hjá hestamannafélögum.
Vísað til menntanefndar.
- b. Næsti fundur var skv. fundaplani settur á 31. mars sem er miðvikudagur fyrir páska.
Samþykkt að fresta honum til 7. apríl.

Fundi slitið kl. 16.19